

Ed.

610. Breytingartillaga

[185. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Þorsteinssyni, Auði Auðuns og Steinþóri Gestssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr. og hljóði þannig:

Aftan við A-lið 7. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.